

Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf. („VÍS“)



15. mars 2017

Samantekt um hlutafjäreign stærstu hluthafa og breytingar á eignarhaldi milli ára.

Í samræmi við 4. mgr. 84. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 fer hér á eftir samantekt um hlutafjäreign hluthafa VÍS. Upplýsingar um 20 stærstu hluthafa VÍS gefa nokkuð góða mynd af megineignarhaldi félagsins, þar sem þeir eiga samanlagt um 72% hlutafjár félagsins.

Skráð hlutafé VÍS er rúmlega 2.296 milljónir króna og er hver hlutur í félaginu ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og fylgja þeim sömu réttindi. Hluthafar voru í ársbyrjun 2016 tæplega 1000 talsins og í árslok voru þeir rúmlega 800. Enginn hluthafi átti meira en 10% allt árið 2016.

Á aðalfundi VÍS í mars 2015 var samþykkt að stjórn fengi heimild til að kaupa allt að 10% af hlutafé félagsins í þeim tilgangi að lækka útgefið hlutafé þess. Heimildin gildi í 18 mánuði. Í samantekt VÍS um hlutafjäreign stærstu hluthafa og breytingar á eignarhaldi milli árunna 2015 og 2016 var greint frá því að í febrúar 2016 hefði VÍS átt sem jafngildir 5,83% af útgefnu hlutafé í sjálfu sér. Aðalfundur í VÍS 2016 samþykkti að lækka það hlutafé og eyða þeim hlutum. Hlutafjárlekkunin var framkvæmd þann 13. apríl 2016. Þann 24. apríl 2016 ákvað stjórn VÍS að kaupa eigin hluti fyrir allt að 70.000.000 kr. að nafnvirði. Því var lokið rúmum þremur mánuðum síðar. Þá höfðu 3,05% af útgefnu hlutafé verið keypt til viðbótar. Þann 25. ágúst 2016 ákvað stjórn VÍS að halda endurkaupum áfram en heimildin gildi til 12. september 2016. Samkvæmt þeirri endurkaupaáætlun var áætlað að kaupa að hámarki hluti að nafnvirði kr. 12.500.000 eða sem samsvarar 0,55% af útgefnu hlutafé félagsins. Fjárhæð endurkaupanna skyldi þó ekki verða hærri en kr. 100.000.000. Framkvæmd endurkaupaáætlunar þessarar lauk þann 9. september 2016. Eftir framkvæmd þessarar endurkaupaáætlunar á VÍS samtals 3,18% af heildarhlutafé félagsins sem er 2.296.436.567. Eigin hlutum fylgir ekki atkvæðisréttur.

Eftirfarandi aðilar mynda 20 stærstu hluthafa félagsins fyrir utan VÍS, miðað við upplýsingar úr hlutaskrá félagsins þann 20. febrúar síðastliðinn:

Nafn hluthafa	Eignarhlutur
Lífeyrissjóður verslunarmanna	9,8
Grandier ehf	8,0
Gildi - Lífeyrissjóður	7,0
Óskabein ehf.	5,9
Stefnir - ÍS 15	5,5
Virðing safnreikningur	5,4
Lífeyrissjóður starfsm. rík A-deild	5,1
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	4,4
Birta lífeyrissjóður	3,5
Brú lífeyrissjóður starfsm. sveitarfélaga	3,2
K2B fjárfestingar ehf.	2,4
Viola ehf	1,7
InfoCapital eignarhaldsfélag ehf.	1,5
Stapi lífeyrissjóður	1,5
Eftirlaunasjóður atvinnuflugmanna	1,4
Júpíter - Innlend hlutabréf	1,3
Lífeyrissjóður starfsm. Reykjavíkurborgar	1,3
Stefnir - ÍS 5	1,1
Global Macro portfolio	1,0
Lífsverk lífeyrissjóður	1,0

VÍS á 99,93% hluta í Líftryggingafélagi Íslands hf.

Reykjavík, 22. febrúar 2017

Vátryggingafélag Íslands hf.